

Framboð til kirkjuþings, 4. kjördæmi, Vesturlandsprófastsdæmi

Ég heiti Brynjólfur Guðmundsson og bý í Hlöðutúni í Stafholtssókn. Ég hef verið í sóknarnefnd Stafholtssóknar frá árinu 2008, fyrst sem gjaldkeri en sem sóknarnefndarformaður frá árinu 2013, og hef setið í héraðsnefnd frá árinu 2019.

Ég hef áhuga á að vinna að því að efla starf þjóðkirkjunnar. Þar tel að sérstaklega mikilvægt að styrkja og efla starf með börnum og ungmennum. Unga fólkið í dag er það fólk sem byggir kirkju framtíðarinnar. Hér áður var kennd kristinfræði í skólunum, svo var það aflagt, því miður. Kirkjan þarf að vinna að því að fá að koma aftur í skólana til að ræða við börnin um kristin gildi manngæsku og umburðarlyndi, almenna framkomu og samskipti hvert við annað, Fyrir fáeinum árum ræddi ég við skólastjórnendur um möguleika þess að presturinn kæmi í skólann og hefði tíma með börnunum. Stjórnendur tóku vel í þetta, en sögðu að það yrði að vera valhvætt fyrir börnin hvort þau mættu í tíma hjá prestinum eða færu í einhvern annað val á vegum skólans. Ég tel að kirkjan eigi að banka á dyrnar hjá skólunum.

Það er búið að gera miklar breytingar á stjórnskipulagi Þjóðkirkjunnar. Það er mjög mikilvæg að vel takist til við að vinna eftir nýju skipulagi. Það er búin að vera mikill hallarekstur á þjóðkirkjunni. Þeim hallarekstri verður að koma uppfyrir núllið sem allra fyrst. Það er hlutverk Kirkjuþings að setja sem skýrastar starfsreglur þannig að sem minnst hætta sé á að það komi upp álitamál eða ágreiningur.

Það er mikið búið að ræða um sameingu prestakalla og sókna. Varðandi sameingu sókna þá efast ég stórlega um að mikil sameining sókna sé til farsældar. Vissulega má segja að í fámennum prestaköllum sé umfangið ekki meira en svo að það gæti hæglega verið í einni sókn. En á meðan það er sókn um hverja kirkju þá eru þó amk. þrjár hugsa um kirkjuna sína og halda starfinu gangandi. Við sameiningu myndi fólkinu sem stendur næst starfinu fækka. Sóknarnefndirnar eru ólaunaðar þannig að það yrði ekki peningasparnaður við sameingu sókna. Varðandi prestaköllin þá tel ég alveg eins til farsældar að minni prestaköllin hafi skilgreindar þjónustuskyldur við stærri prestaköllin. Það þarf að jafna þjónustubrýði presta.

Eins og margir hafa eflaust tekið eftir þá kemur mitt nafn fram til setu á kirkjuþingi eftir vinnu uppstillingarnefndar, Hlutverk uppstillingarnefndar er að finna fólk í þeim kjördæmum þar sem næganlega margir hafa ekki boðið sig fram.

Eftir að hafa velt framboði til kirkjuþings fyrir mér þá hef ég ákveðið að gefa kost á mér í sæti varamanns á kirkjuþingi.


Brynjólfur Guðmundsson